

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur miðvikudaginn 11. desember 2024

Mál nr. E-1355/2024:

**A**

(Guðmundur Birgir Ólafsson lögmaður)

**gegn**

**B ehf.**

(Einar Örn Davíðsson lögmaður)

## Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 14. nóvember 2024, var höfðað 21. febrúar 2024 af A á hendur B ehf.

Stefnandi krefst þess að stefndi greiði honum 2.103.804 krónur, ásamt dráttarvöxtum, samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 1. apríl 2023 af 636.533 krónum til 1. maí 2023 og frá þeim degi af 1.273.066 krónum til 1. júní 2023 og frá þeim degi af 2.103.804 krónum, til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

## I

### Málsatvik

Stefnandi starfaði frá 1. júlí 2021 sem ökuleiðsögumaður hjá fyrirtækinu C ehf. en haustið 2022 missti hann ökuréttindi sín. Tilkynnti hann vinnuveitanda sínum strax um það. Þar sem ökuréttindi voru forsenda fyrir starfi hans sem ökuleiðsögumaður hjá þáverandi vinnuveitanda varð úr að hann færi í starf hjá stefnda þar sem ekki væri krafist ökuréttinda. Fram er komið að stefndi og félagið C ehf. eru tengd félög í gegnum eignarhald. Samkomulag varð um það 9. september 2022 að stefnandi hæfi störf hjá stefnda. Óumdeilt er að frá þeim tíma var stefnandi í starfi hjá stefnda sem almennur leiðsögumaður þar til honum var sagt upp störfum í lok febrúar 2023.

Aðila málsins greinir nánar á um aðdraganda uppsagnar og hvort og þá hvaða ástæður stefnanda voru gefnar fyrir henni. Stefnandi greinir svo frá að framkvæmdastjóri stefnda hafi kallað hann á fund 21. febrúar 2023 þar sem honum var tilkynnt um uppsögn úr starfi. Framkvæmdastjórinn hafi afhent honum sitt hvort bréfið þar að lútandi sem hann hafi haft val um að skrifa undir. Í öðru þeirra kom fram að samkomulag væri um að stefnandi léti af störfum og að honum yrðu greidd laun til febrúarloka 2023. Í hinu kom fram að honum væri sagt upp störfum og að ástæða uppsagnar væri brot á trúnaðarskyldu. Stefnandi greinir svo frá að á fundinum hafi hann ítrekað gengið eftir skýringum á ástæðum uppsagnar en án árangurs. Hann hafi undir hvorugt bréfið viljað skrifa og farið við það búið af fundinum. Stefnandi greinir svo frá að stefnandi hafi fengið

þær skýringar á fundinum að ástæða uppsagnar hans væri sú að hann hefði orðið uppvís að því að aka bifreiðum stefnda án ökuréttinda innan athafnasvæðis stefnda í X. Stefnandi hafi verið ósáttur við uppsögnina en viðurkennt á fundinum að hafa ekið réttindalaus á ökutækjum stefnda og m.a. með aðra starfsmenn félagsins sem farþega.

Stefnandi vildi ekki una uppsögninni og leitaði til stéttarfélags síns sem setti fram kröfu á hendur stefnda í bréfi 3. apríl 2023. Krafan var ítrekuð 30. júní 2023. Með bréfi stefnda 21. júlí 2023 var kröfunni hafnað. Vísað var til þess að sú háttsemi stefnanda að aka án ökuréttinda væri alvarleg og að hann hefði með því sett samstarfsmenn sína og aðra í hættu. Hefði stefnandi ekki einungis brotið umferðarlög og tryggingarskilmála vegna bifreiða stefnda, heldur hefði hann einnig brotið gegn starfsskyldum sínum. Þá hefði stefnandi hunsað ítrekuð tilmæli stefnda um að láta af þessari háttsemi. Með bréfi 24. október 2023 var sjónarmiðum stefnda hafnað. Í bréfinu kom fram að meginreglan væri sú að áður en til fyrirvaralausrar uppsagnar starfsmanns kæmi þyrfti að gefa honum færi á því að bæta möguleg brot með því að veita áminningu. Stefnandi hefði aldrei verið áminntur. Þá var því mótmælt að tilefni hefði verið til fyrirvaralausrar uppsagnar stefnanda. Jafnframt var ítrekuð krafa stefnanda um laun á uppsagnarfresti. Stefndi varð ekki við kröfum stefnanda og höfðaði hann mál þetta fyrir dómnum 21. febrúar 2024.

## II

### Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi byggir kröfu sína á því að fyrirvaralaus uppsögn hans hafi verið ólöglegt og hann eigi rétt til greiðslna úr hendi stefnda af þeim sökum. Stefnandi vísar til þess að með ásökunum stefnda um að hann hefði ekið án ökuréttinda væri verið að vísa til atviks sem átt hefði sér stað 8. febrúar 2023 við bústað starfsmanna í X sem kallaður er Y. Hann hafi þá, að beiðni samstarfskonu sinnar, aðstoðað hana við að losa bíl. Hefði hún ítrekað fest bílinn og aðstæður verið erfiðar við að bakka bifreiðinni. Stefnandi hafi bakkað bifreiðinni upp á veg og ekið að næsta skúr eða starfsstöð fyrirtækisins sem kallast Z og sé stutt frá Y. Stefnandi hafnar öllum ávirðingum stefnda um að hann hafi ítrekað virt tilmæli stefnda að vettugi. Hann hafi aldrei fengið áminningu í starfi.

Stefnandi tekur fram að fyrirvaralaus uppsögn sé íþyngjandi úrræði vinnuveitanda við alvarlegum brotum starfsmanna sem svipti starfsmenn launum og lífsviðurværi án frekari aðvarana. Meginregla í vinnusamböndum sé sú að áður en til fyrirvaralausrar uppsagnar komi þurfi að gefa starfsmanni möguleika á að bæta úr meintri vanefnd með því að veita áminningu. Umrætt brot stefnanda hafi ekki gefið nokkurt tilefni til beitingar svo íþyngjandi úrræðis sem fyrirvaralaus uppsögn sé. Uppsögnin hafi því verið ólöglegt og stefnandi eigi rétt til skaðabóta sem nemi launum út uppsagnarfrest, auk orlofs og uppbóta.

Samkvæmt grein 12.1 í kjarasamningi VR og SA skuli uppsagnarfrestur vera þrjú mánuðir eftir sex mánaða starf hjá sama fyrirtæki. Skuli uppsögnin vera skrifleg og miðast við mánaðamót. Stefnandi eigi því rétt til þriggja mánaða uppsagnarfrests. Stefnandi hafi verið greidd laun út febrúar 2023. Þar sem vinnutími og laun stefnanda hafi verið breytileg sé gerð krafa um laun í samræmi við meðaltalslaun í dagvinnu síðustu þriggja mánaða á undan, þ.e. desember 2022, janúar og febrúar 2023. Stefnandi eigi því rétt til meðaltalslauna vegna mars, apríl og maí 2023 sem nemi 636.533 krónum fyrir hvern mánuð eða alls 1.909.599 krónum og sé gerð krafa um það.

Þá eigi stefnandi rétt til 10,17% orlofs á laun á uppsagnarfresti eða alls 194.206 króna (1.909.599 x 10,17%) og gerð sé krafa um það. Einnig eigi stefnandi rétt til orlofs og desemberuppbótar sem gera skuli upp við starfslok. Orlofsuppbót samkvæmt kjarasamningi árið 2023 nemi 56.000 krónum og miðast við 45 vikur. Stefnandi hafi samkvæmt útgefnum launaseðlum áunnið sér hlutfall af orlofsuppbót fyrir 13 vikur og sé gerð krafa um það að fjárhæð 16.177 krónur ((56.000/45) x 13). Desemberuppbót samkvæmt kjarasamningi árið 2023 nemi 103.000 krónum og miðast við 45 vikur. Stefnandi hafi samkvæmt útgefnum launaseðlum áunnið sér hlutfall af desemberuppbót fyrir 13 vikur og sé gerð krafa um það að fjárhæð 29.755 krónur ((103.000/45) x 13).

Nánar sundurliðist krafan sem hér segi:

Laun á uppsagnarfresti vegna mars 2023	636.533 krónur
Orlof á uppsagnarfresti vegna mars 2023	64.735 krónur
Laun á uppsagnarfresti vegna apríl 2023	636.533 krónur
Orlof á uppsagnarfresti vegna apríl 2023	64.735 krónur
Laun á uppsagnarfresti vegna maí 2023	636.533 krónur
Orlof á uppsagnarfresti vegna maí 2023	64.735 krónur
Mismunur á orlofsuppbót 2023	16.177 krónur
Mismunur á desemberuppbót 2023	29.755 krónur
<b>Höfuðstóll</b>	<b>2.103.804 krónur</b>
<b>Samtals</b>	<b>2.103.804 krónur</b>

Samkvæmt grein 1.9 í kjarasamningi VR og SA eigi laun að greiðast fyrsta dag eftir að mánuði þeim ljúki sem laun séu greidd fyrir. Að auki skuli vinnuveitandi greiða áunnið orlof til launþega við lok ráðningarsambands samkvæmt 8. gr. orlofslaga nr. 30/1987. Krafa stefnanda miðist við framangreint.

Þar sem innheimtutilraunir og ítrekanir hafi reynst árangurslausar sé málshöfðun nauðsynleg og sé farið fram á ýtrustu kröfur samkvæmt lögum og kjarasamningum.

### III

#### Málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi hafnar málatilbúnaði stefnanda og mótmælir málavaxtalýsingu hans sem rangri og ósannaðri. Stefndi tekur fram að stefnandi hafi starfað sem ökuleiðsögumaður en upplýst í september 2022 að vegna ölvunaraksturs væri hann að missa ökuréttindi sín. Þar með hafi verið brostnar forsendur fyrir ráðningu hans sem ökuleiðsögumanns. Fyrirsvarsmenn C ehf. hafi leitað til stefnda B ehf. og óskað eftir því að stefndi fengi tækifæri til að starfa hjá stefnda sem leiðsögumaður. Úr hafi orðið að stefndi yfirtók ráðningarsamning C ehf. við stefnanda og réði stefnanda til starfa. Stefndi hafi svo starfað hjá stefnda frá 9. september 2022 sem almennur leiðsögumaður. Stefndi hafi því verið upplýstur um ástæður fyrir starfslokum stefnanda hjá C ehf. og þar með um sviptingu ökuréttinda vegna ölvunaraksturs og mátti treysta því að stefnandi æki ekki bifreiðum stefnda án ökuréttinda.

Stefndi tekur fram að hann sé ferðaskipuleggjandi sem bjóði upp á aðgang að manngerðum ísgöngum [...]. Þar starfi um 25 manns hverju sinni og daglega séu á milli 80 og 300 ferðamenn á [...]. Á hverjum degi sé því talsverður fjöldi fólks á athafnasvæði stefnda. Einnig hafi stefndi gistaðstöðu fyrir starfsmenn sína við X sem sé í um 60 mínútna akstursfjarlægð frá ísgöngunum og aki starfsmenn með ökuréttindi sjálfir á ökutækjum stefnda á milli staða.

Stefndi greinir svo frá að samstarfsmenn stefnanda hafi kvartað yfir því að stefnandi æki ökutækjum stefnda réttindalaus. Stefndi hafi m.a. verið staðinn að því af vaktstjóra þegar hann hafi ekið bifreið stefnda af vinnusvæði stefnda á Z með samstarfsmann sinn sem farþega og sá hafi ekki vitað af því að stefnandi væri ekki með ökuréttindi. Hann hafi í það skipti ekið inn að þjónustumiðstöðinni í X. Þetta hafi leitt til tiltals vaktstjóra stefnda í desember 2022 og tilmæla um að stefnandi léti af þessari háttsemi. Tilmæli vaktstjóra hafi ekki borið árangur og í febrúar 2023 hafi stefnandi aftur verið staðinn að því að aka á vinnubifreið stefnda frá Y að Z með samstarfskonu sína sem farþega auk annars starfsmanns.

Við uppsögn stefnanda hafi hann viðurkennt fyrir framkvæmdastjóra stefnda að hafa ekið ökutækjum stefnda réttindalaus, m.a. með aðra starfsmenn stefnda sem farþega. Stefndi hafi verið sagt upp vegna brota á trúnaðarskyldu. Framkvæmdastjóri stefnda hafi boðið stefnanda að gera starfslokasamkomulag en því hafi stefnandi neitað sem og að taka við uppsagnarbréfi. Hafi uppsagnarbréfið því verið sent í ábyrgðarpósti.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að brot stefnanda hafi verið alvarleg og ítrekuð. Stefndi byggir einnig á því að stefnandi hafi augljóslega verið grandsamur um að missir ökuréttinda hans leiddi til þess að hann hefði ekki réttindi til þess að aka ökutækjum, þar með töldum vinnubifreiðum og öðrum ökutækjum í eigu stefnda. Þessu hafi stefndi átt að mega treysta. Það hafi því ekki átt að vera nauðsynlegt að vaktstjórar og

samstarfsmenn gættu ökutækja á vinnu- og athafnasvæði stefnda til að koma í veg fyrir að hann æki þeim réttindalaus.

Stefndi byggir á því að stefnandi hafi ekki látið af þessari háttsemi þrátt fyrir tilmæli. Það hafi svo leitt til þess að honum hafi verið sagt fyrirvaralaust upp störfum þar sem ljóst var að brot hans voru alvarleg. Stefnandi hafi sjálfur í málinu gengist við að hafa ekið tvisvar án ökuréttinda innan athafnasvæðis stefnda og með farþega en telji þau atvik léttvæg. Stefnandi fellst ekki á það.

Stefndi byggir á því að akstur stefnanda án ökuréttinda hafi ekki bara verið alvarlegt, gróft og verulegt brot á ráðningarsamningi aðila og trúnaðarskyldu stefnanda heldur einnig brot á 58. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Stefnandi telur að brot á 58. gr. sé, óháð öðru og eitt og sér, nægileg ástæða fyrirvaralausrar uppsagnar. Auk þess bendir stefndi á að alvarleiki málsins hafi einnig falist í því að talsverður fjöldi samstarfsmanna stefnda og ferðamanna hafi verið og sé reglulega á athafnasvæði stefnda og að stefnandi hafi ekið réttindalaus með farþega. Brot stefnanda hafi verið unnin af ásetningi. Stefnandi kveðst ekki geta látið það viðgangast að starfsmaður hans aki réttindalaus og þar með án trygginga komi eitthvað upp á. Háttsemi stefnanda hafi verið ítrekuð og vítaverð hvernig sem á hana sé litið og hann hafi með henni brugðist trausti stefnda.

Því ítreki stefndi þá afstöðu sína að akstur án réttinda við þær aðstæður og í því umhverfi sem stefndi hafi ekið heimili fyrirvaralausar uppsögn. Telur stefndi ljóst að stefnandi sé grandsamur um að akstur án ökuréttinda sé ólögmætur og hafi afleiðingar, m.a. eins og kveðið sé á um í ráðningarsamningi, en einnig að lögum.

Af öllu ofangreindu leiði að stefnandi hafi brotið lög, trúnað og traust stefnda og hafi auk þess sett aðra í hættu með athöfnum sínum. Vísað sé til þess að brot stefnanda hafi verið alvarleg og ítrekuð og að stefnandi hafi verið grandvís um ólögmæta háttsemi sína og ekki látið af henni þrátt fyrir tilmæli vaktstjóra. Háttsemi stefnanda hafi réttlætt fyrirvaralausar uppsögn hans og því beri að sýkna stefnda af kröfum stefnanda.

#### IV

##### Niðurstaða

Í máli þessu gerir stefnandi kröfu á hendur stefnda vegna uppsagnar og miðar krafa hans við greiðslu launa á uppsagnarfresti og orlofs á laun, auk orlofs- og desemberuppbótar. Stefnandi byggir á því í málinu að ekki hafi verið tilefni til fyrirvaralausrar uppsagnar hans úr starfi og þá hafi hann ekki verið áminntur, hvorki munnlega né skriflega, og honum þannig gefið færi á að bæta ráð sitt áður en til uppsagnar hans kom. Stefnandi hefur í málinu á því byggt að háttsemi stefnanda hafi verið slík og brot hans það alvarleg að réttlætt hafi fyrirvaralausar uppsögn hans úr starfi en auk þess hafi stefnandi fengið tital frá vaktstjóra sem hann hafi hunsað.

Fram er komið í málinu og er óumdeilt að stefnandi missti ökuréttindi haustið 2022 og kveður hann það hafa verið í september eða október það ár. Starfaði hann þá sem ökuleiðsögumaður og var starfsmaður félagsins C ehf. Lét hann vinnuveitanda sinn strax vita. Bauðst honum þá að starfa hjá stefnda sem almennur leiðsögumaður og gerði stefndi við hann samkomulag 9. september 2022 þar að lútandi. Líta verður svo á að það hafi verið sjálfsgöð forsenda fyrir samkomulagi aðila og gagnkvæmur skilningur aðila að stefnandi sinnti starfi þar sem ekki þyrfti ökuréttindi og að stefnandi æki ekki bifreiðum í eigu stefnda.

Fram er komið í málinu og verður að telja alveg óumdeilt að eftir að stefnandi missti ökuréttindi sín og hann var kominn í starf hjá stefnda ók hann tvívegis án ökuréttinda á bifreiðum í eigu stefnda. Þetta hefur stefnandi viðurkennt fyrir dóminum. Þannig hefur stefnandi gengist við því að hafa í desember 2022 ekið með samstarfsmann sinn í vinnubifreið stefnda frá stað sem kallaður er Z þar sem starfsmenn stefnda höfðu aðstöðu sína og að þjónustumiðstöðinni í X, um þriggja kílómetra leið. Samstarfsmaður stefnanda, vaktstjóri, lýsti atvikum svo fyrir dóminum að stefnandi hefði beðið sig um að aka sér inn í X og hann svarað því til að hann myndi gera það innan skamms. Hann hafi svo ekki vitað fyrr en hann sá á eftir bifreiðinni út af svæðinu og að stefnandi var undir stýri. Samstarfsmaðurinn kveðst hafa rætt við stefnanda og gert honum grein fyrir að þetta væri óásættanlegt og að hann yrði að tilkynna atvikið til yfirmanns, þ.e. framkvæmdastjóra stefnda. Stefnandi lýsti atvikum með sambærilegum hætti fyrir dóminum. Kvaðst hann hafa áttað sig á því að þetta ætti hann ekki að gera og beðist afsökunar. Hann kvað framkvæmdastjórann þó aldrei hafa haft samband við sig eða veitt sér nokkurt tiltal vegna þessa atviks. Hafi þetta atvik því ekki haft neina eftirmála fyrir sig og hafi hann haldið að málið væri úr sögunni.

Stefnandi hefur einnig fyrir dóminum gengist við því að hafa ekið bifreið í eigu stefnda frá bústað starfsmanna, Y, að morgni dags í febrúar 2023, og að þjónustumiðstöðinni í X. Þetta hafi hann gert að beiðni samstarfskonu sinnar sem hafi ekki treyst sér til að bakka vinnubifreiðinni frá húsinu vegna færðar en aðstæður á staðnum hafi reynst sumum starfsmönnum erfiðar. Stefnandi hafi svo ætlað að láta hana taka við stjórn bifreiðarinnar en hún beðist undan því. Hann hafi því ekið bifreiðinni inn að þjónustumiðstöðinni og hafi samstarfskonan einnig verið í bílnum og jafnvel annar starfsmaður. Dómurinn telur ekki skipta máli þótt stefnandi hafi ekki verið búinn að stimpla sig inn en óumdeilt er að atvikið átti sér stað er starfsmenn voru á leið til starfa og stefnandi ók bifreið í eigu stefnda inn að þjónustumiðstöðinni í X.

Dómurinn telur, þegar atvik málsins eru virt í heild, að háttsemi stefnanda í umrædd skipti hafi verið alvarleg. Skal hér áréttað að stefnandi hefur fyrir dóminum viðurkennt að hafa ekið án ökuréttinda í umrædd skipti. Dómurinn getur ekki fallist á þau sjónarmið stefnanda að akstur hans án ökuréttinda á vinnubifreið og innan athafnasvæðis

stefnda með farþega og þar sem gera má ráð fyrir að vegfarendur séu á ferli, ferðamenn og aðrir, hafi ekki verið svo alvarleg háttsemi að réttlætti fyrirvaralaus uppsögn stefnanda. Þá verður að telja fram komið að vaktstjóri stefnda hafi í desember 2022 veitt stefnanda tiltal og þau tilmæli að láta af slíkri háttsemi. Dómurinn telur hér ekki skipta máli hvort vaktstjórinn var verktaki í starfi hjá stefnda eða launþegi.

Stefnandi var ráðinn hjá stefnda sem almennur leiðsögumaður en hann hafði áður starfað sem ökuleiðsögumaður hjá öðru fyrirtæki. Fram er komið að ástæða ráðningar hans hjá stefnda hafi verið sú að eftir missi ökuréttindanna gat hann ekki sinnt sínu fyrra starfi sem ökuleiðsögumaður. Fram er komið í málinu að stefndi vildi koma til móts við stefnanda við þessar aðstæður með því að gera honum kleift að sinna starfi hjá stefnda sem ekki krafðist ökuréttinda. Við þessar aðstæður fólst skylda stefnanda gagnvart stefnda í þeirri sjálfsögðu trúnaðarskyldu að aka ekki án réttinda. Gat þetta ekki dulist stefnanda. Þennan trúnað virti stefnandi ekki, í það minnsta í tvígang, og með því brást hann því trausti sem honum hafði verið sýnt. Ekki stoðar fyrir stefnanda að réttlæta háttsemi sína í febrúar 2023 með því að samstarfskona hans hafi beðið hann um að aka bílnum.

Stefnanda mátti vera ljóst að með akstri án ökuréttinda á bifreiðum í eigu stefnda og á athafnasvæði stefnda var hann að brjóta í bága við forsendur ráðningar sinnar hjá stefnda sem fól jafnframt í sér brot á lögum. Gat stefnandi ekki vænst þess að háttsemi hans að þessu leyti yrði léttvæg fundin og látin átölulaus af hálfu stefnda.

Með vísan til framangreinds og allra atvika málsins er það niðurstaða dómsins að vegna háttsemi stefnanda, sem hann hefur viðurkennt hér fyrir dóminum, hafi stefndi getað sagt honum fyrirvaralaust upp störfum og hefur stefnandi firrt sig rétti til launa á uppsagnarfresti. Þrátt fyrir þessi málalok þykir rétt að málskostnaður falli niður milli aðila

Af hálfu stefnanda flutti málið Guðmundur Birgir Ólafsson lögmaður en af hálfu stefnda Einar Örn Davíðsson lögmaður.

Hólmfríður Grímsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan. Dómarinn tók við meðferð málsins 2. maí 2024 en hafði ekki afskipti af því fyrir þann tíma.

### **Dómsorð:**

Stefndi, B ehf., er sýkn af kröfu stefnanda, A.

Málskostnaður fellur niður.

Hólmfríður Grímsdóttir